



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Veiðifélag Miðfjarðará og Litlu-Kverkár

B.t. Árni Gunnarsson

Suðurlandsbraut 62

108 Reykjavík

Reykjavík 12.02.2019

Efni: Umsögn um fyrirhugaða opnun fossa í Litlu-Kverká við Bakkaflóa með fiskvegagerð skv. beiðni frá formanni Veiðifélags Miðfjarðará og Litlu-Kverkár.

Umsögn

Landeigendur, í samstarfi við veiðifélagið, hafa ráðist í töluverðar framkvæmdir til að gera nokkra fossa (Fálkafoss, Bæjarfoss og Sniðfoss) í Miðfjarðará fiskgenga. Fyrstu merki um árangur af þeim framkvæmdum kom í ljós sumarið 2018 þegar laxar höfðu veiðst fyrir ofan fiskvega og þar með ljóst að þeir væru færir göngulaxi. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hversu vel svæðið fyrir ofan þessa fossa nýtist sem bæði veiðisvæði og uppeldissvæði fyrir laxa.

Í umsögn sem gerð var af Veiðimálastofnun (dags. 17. febrúar 2014) fyrir ofangreindar framkvæmdir var vísað í grófa útreikninga á væntanlegum ávinningi í fjölda veiddra fiska sem talið var að gætu allt að tvöfaldast við opnun á gönguhindrunum (Sigurður Guðjónsson). Fjöldinn var byggður á mati Árna Helgasonar (1983) á vænlegum uppeldisskilyrðum í Miðfjarðará, upp að Fossi. Síðan þá hefur aðferðarfræði við mat á uppeldisskilyrðum verið uppfærð og byggist á mun nákvæmara mati á botngerð en framkvæmd var á sínum tíma. Botngerðarmat byggist á aðferð sem þróuð hefur verið af Hafrannsóknastofnun og verið framkvæmd í mörgum ám á Íslandi og sannreynd við fiskgengd (Þórólfur Antonsson 2000). Ekki hefur verið framkvæmt botngerðarmat á Litlu-Kverká en slíkt mat myndi varpa ljósi á framleiðslugetu árinna á gönguseiðum og þar með fá betri forsendur fyrir ávinningi af þeim framkvæmdum sem hér um ræðir.

Þórólfur Antonsson, sérfræðingur Veiðimálastofnunar, gerði gróft mat á botngerð í Litlu-Kverká út frá loftmyndum sem teknar voru í yfirflugi. Niðurstaða hans var að ef fossinn yrði gerður fiskgengur myndu bætast við um 10 km af fiskgengu svæði sem væri að hluta vænlegt til uppeldis og þaðan væru 6,6 km upp í 350 m hæð yfir sjávarmáli sem meiri óvissa var um gæði uppeldisskilyrða. Það má því vera ljóst að sömu rök eiga við um gangsemi þess að opna gönguhindranir í Litlu-Kverká og áttu við þegar farið var af stað með opnun fyrir fiskgöngu í Miðfjarðará. Veiðifélag Miðfjarðará og Litlu-Kverkár þarf að meta það hversu mikið þarf að kosta til við vegagerð og framkvæmdir á fossum og hvort arðbært sé að ráðast í þessar framkvæmdir. Mun betra mat fengist með því að framkvæma nákvæmara botngerðarmat á uppeldisskilyrðum í Litlu-Kverká. Slíkt mat gæti verið framkvæmt á einum degi í

útvinnu og yrði tiltölulega lítill kostnaður í samanburði við framkvæmdina í heild sinni. Slíkt botngerðarmat myndi einnig gagnast við arðskrármát. Við rafveiðar sumarið 2018 á einni stöð í Litlu-Kverká fyrir ofan foss veiddust urriðaseiði og á fiskgengu svæði neðan foss veiddust nokkrir árgangar af laxaseiðum (Hafrannsóknastofnun óbirt gögn). Þetta er vísbending um að uppeldiskilyrði fyrir laxaseiði sé fyrir hendi í Litlu-Kverká en algengt er að finna systurtegundirnar lax og urriða saman í vatnsföllum (Bror Jonsson og Nina Jonsson 2011).

Lokaorð

Sömu lokaorð eiga við að þessu sinni líkt og þegar opnun fossa í Miðfjarðará var til umræðu:

Þrjár ár í þessum landshluta hafa verið gerðar fiskgengar. Það eru Sunnudalsá (hliðará Hofsár), Hölná í Bakkaflóa og Selá í Vopnafirði sem hefur verið tvíframlengd. Allar þessar ár koma af fremur lágum votlendisheiðum. Slíkar heiðar eru einkennandi lendi þar sem okkar bestu laxveiðiár eiga uppruna. Opnun þessara framantöldu áa hefur tekist vel og laxveiði þar aukist umtalsvert. Það er því líklegt að ef botngerð er hentug og ekki frekari hindrun í fiskgengi í Litlu-Kverká ofan hindrana, að vænta megi þess að þar dafni laxaseiði vel.

Virðingarfyllt,

f.h. Hafrannsóknastofnunar



Hlynur Bárðarson

Heimildir

- Árni Helgason 1983. Könnun á ófiskgengum svæðum í Miðfjarðará í Bakkafirði. VMSTA/8305
- Bror Jonsson og Nina Jonsson. 2011. Ecology of Atlantic salmon and brown trout: habitat as a template for life histories. Springer, Dordrecht.
- Sigurður Guðjónsson 1991. Mat á laxaframleiðslugetu ófiskgengra svæða í Miðfjarðará í Bakkafirði. VMST-R/91001. 4 bls.
- Þórólfur Antonsson 1999. Rannsóknir á seiðabúskap og veiði í Miðfjarðará í Bakkafloa 1998. VMST-R/99008. 8 bls.
- Þórólfur Antonsson 2000. Verklýsing fyrir mat á búsvæðum seiða laxfiska í ám. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/98001. 16 bls.